



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Sunnubraut 36 230 Keflavík Sími 92-13100

147. fundur skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja haldinn
fimmtudaginn 8. júní og hófst hann kl. 17:15.

Mættir: Hjálmar Árnason, skólameistari, Guðmundur Björnsson, formaður
skólanefndar, Eggert Ólafsson, Jón Gunnarsson, Bogi Hallgrímsson, Ægir
Sigurðsson, aðstoðarskólameistari, Þór Stefánsson, fulltrúi kennara, Helga
S. Harðardóttir, fulltrúi nemenda og Jón Sæmundsson, fjármálastjóri og
fundarritari.

1. Ráðning skólameistara til eins árs og aðstoðarskólameistara til fimm ára.

Ægir Sigurðsson, settur aðstoðarskólameistari, var eini umsækjandinn.
Samþykkt var að mæla með Ægi í stöðu aðstoðarskólameistara til næstu
fimm ára og setnigu í stöðu skólameistara til eins árs í orlofi Hjálmars
Árnasonar. Einnig var samþykkt að mæla með setningu Sturlaugs
Ólafssonar í stöðu aðstoðarskólameistara til eins árs. Þessi skipan felur í
sér að Ægi og Sturlaugi verði veitt leyfi næsta skólaár frá aðalstörfum
sínunum.

2. Kennararáðningar og aðrar.

Eftirtaldir umsóknir hafa borist:

a) Áfangastjóri: Gísli Torfason.

Skólaráðgjafi 1/2 staða: Sigríður Bílddal.

Skólameistari óskar eftir ráðningu þessara aðila til ofangreindra starfa.
Staðfest af skólanefnd.

b) Eftirtaldir umsóknir bárust um deildarstjóra tungumálasviðs:

Axel Sigurbjörnsson,
Guðrún Erla Sigurðardóttir,
Sara Harðardóttir,
Þór Stefánsson.

Skólameistari mælir með ráðningu þórs. Staðfest af skólanefnd.

c) Eftirtaldir kennaraumsóknir hafa borist:

Aldís Sigurðardóttir,
Bjarni Gunnarsson,
Björn Sturlaugsson,
Gunnar Þórarinsson,
Kristján P. Ásmundsson,
Martin Guðmundsson,
Ólafur Ingólfsson,
Eiríkur Benediktsson.

Samþykkt að mæla með fyrrgreindum kennurum að undanskildum Bjarna
Gunnarssyni og Martin Guðmundssyni.

3. Framkvæmdir sumarsins.

Hjálmar Árnason lagði fram lista yfir fyrirhugaðar framkvæmdir í sumar.
Samþykkt athugasemdalaust.

4. Önnur mál:

a) Skólaslit - brautskráning:

Brautskráningarathöfn var haldin í Keflavíkirkirkju þann 3. júní 1989. Að þessu sinni voru 55 nemendur brautskráðir. Skiptust þeir þannig milli brauta:

Skiptinemar	4
Flugliðar	18
Skipstjórar	2
Vélstjóri 2. stigs	1
2ja ára bóklegar brautir	4
Af tæknisviði	13
Stúdentar	13.

Þá flutti Drífa Sigfúsdóttir ávarp fyrir hönd 10 ára stúdenta og færði skólanum gjafabréf til sérstakra bókakaupa til minningar um látna skólasystur, Elísabetu Leifsdóttur.

Að þessu sinni var skólanum ekki formlega slitið enda mun verða kennsla og próf í haust til að bæta upp verkfall kennara. Þess vegna frestaði skólameistari vorönn 1989 til haustsins.

b) Skólameistari gat þess að innritun væri nú að ljúka, 200 nýnemar hafa látið skrá sig, líkur er á að um 560 - 590 nemendur verði í skólanum næsta skólaár.

c) Formaður skólanefndar, Guðmundur Björnsson lagði fram bréf frá samgöngunefnd S.S.S. varðandi skólaæktur. Samþykkt að fela Ægi Sigurðssyni að annast málið, en vakín er athygli á breyttu fyrirkomulagi um næstu áramót.

d) Skólanefndarformaður las upp bréf frá skólameistara, Hjálmarí Árnasyni, þar sem hann óskar eftir fjárfstyrk til rannsóknarstarfa, sem tengist fyrirhugaðri námsdvöl hans í Canada. **Samþykkt.**

e) Ægir Sigurðsson, aðstoðarskólameistari, vakti athygli á nauðsyn þess að nemendur skólans sem reyktu, hefðu eitthvert afdrep en að undanförmu hefur þeim verið vísað út fyrir dyr.

Samþykkt að athuga þetta mál nánar.

f) Hjálmar Árnason vakti athygli á að þetta væri síðasti fundur sinn með skólanefndinni í því formi sem hún væri nú. Hann þakkaði nefndinni gífurík störf í þágu skólans og ánægjulegt samstarf.


Guðmundur Björnsson þakkaði Hjálmarí samstarfið á liðnum árum og vonaðist hann til að sjá hann endurnærðan að ári.

g) Rétt er að geta þess að Hjálmar Árnason, Ægir Sigurðsson og Þór Stefánsson véku af fundi þegar mál þeirra voru tekin til umræðu og afgreiðslu.

Fleira ekki gert, fundi slitið.



Guðmundur Björnsson
formaður skólanefndar



Jón Sæmundsson,
fjármálastjóri, fundarritari.



H. Hjálma Þinnason,
Skólameistari.

Fjölbrotaskóli Suðurnesja

Sunnubraut 36 230 Keflavík Sími 92-13100

Suðurnesjum 8. júní 1989.

Fundarboð

Hér með er boðað til fundar í skólanefnd Fjölbrotaskóla Suðurnesja fimmtudaginn 15. júní 1989 og hefst hann kl. 17:15 í stofu 212 í bóknámshúsi.

Dagskrá:

1. Ráðning skólameistara til eins árs og aðstoðar-skólameistara til fimm ára.
2. Kennararáðningar.
3. Framkvæmdir sumarsins.

4. Önnur mál.

yfirlit um starf annar
kvæðja.
Lögin virðingarfyllt,

Guðmundur Björnsson,
formaður skólanefndar.

E.s. Þetta er síðasti fundur skólameistara áður en hann fer í ársleyfi.